

Nd.

539. Frumvarp til laga

[245. mál]

um eftirmenntun í iðnaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Eftirmenntun í iðnaði skal skipulögð sem þáttur í fullorðinsfræðslu og miðar einkum að því að endurnýja og auka þekkingu og verkunnáttu starfsfólks í iðnaði með tilliti til nýrrar tækni og breytinga í störfum sem af henni leiða.

Eftirmenntunin skal m. a. felast í miðlun þekkingar og verktækni svo og þjálfun í vinnuaðferðum og meðferð tækjabúnaðar.

Í reglugerð skal kveðið á um undirbúning og skipulagningu námskeiða til eftirmenntunar í iðnaði skv. lögum þessum.

2. gr.

Fræðslumiðstöð iðnaðarins er sjálfstæður aðili með sérstöku reikningshaldi undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins. Miðstöðin skal starfa í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Fræðslumiðstöðin skal hafa á hendi þróunarstörf, þjónustu og undirbúning vegna eftirmenntunar í iðnaði, sbr. 3. gr. Jafnframt stuðlar Fræðslumiðstöðin að samstarfi milli stofnana, starfsgreina, skóla og annarra aðila um aðgerðir til að efla og samræma eftirmenntun í iðnaði.

3. gr.

Fræðslumiðstöðin skal stuðla að fjölbreyttu framboði eftirmenntunarnámskeiða. Í því skyni vinnur Fræðslumiðstöðin m. a. að eftirtöldum verkefnum:

- (1) veitir aðilum í iðnaði aðstoð og ráðgjöf við að greina fræðsluþarfirnar,
- (2) aflar nauðsynlegrar þekkingar á viðkomandi sviði og sér um gerð og útgáfu námsgagna og kennsluleiðbeininga,
- (3) þjálfar menn til leiðbeininga- og kennslustarfa,
- (4) heldur tilraunanámskeið til að prófa námsefni og kennsluáðferðir,
- (5) hefur með höndum upplýsinga- og kynningarstarf vegna eftirmenntunarnámskeiða,
- (6) samræmir eftirmenntunarnámskeið.

4. gr.

Við undirbúning og val verkefna skal Fræðslumiðstöðin hafa samráð við samtök í iðnaði sem láta fræðslumál til sín taka og hagsmuna eiga að gæta. Jafnframt skal Fræðslumiðstöðin leitast við að örva frumkvæði starfsfólks og samtaka í iðnaði að eftirmenntun og veita ráðgjöf og aðstoð í þeim efnum.

5. gr.

Fela má Fræðslumiðstöðinni að hafa umsjón með eða annast að öllu leyti rekstur eftirmenntunarnámskeiða í iðnaði sem styrkt eru af ríkinu.

6. gr.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar skal fjármögnuð á eftirfarandi hátt:

- (1) með fjárveitingu á fjárlögum,
- (2) með tekjum af seldri þjónustu,
- (3) með öðrum tekjum.

7. gr.

Iðnaðarráðherra skipar til tveggja ára í senn fimm manna stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar og jafnmarga til vara:

- a) einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
- b) einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands,
- c) einn tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands,
- d) einn tilnefndan af menntamálaráðuneyti og
- e) einn fulltrúa iðnaðarráðuneytis.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

Stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar fer ásamt ráðherra með yfirstjórn miðstöðvarinnar. Stjórnin skal m. a. gera áætlanir um starfsemina, fjalla um umsóknir um aðstoð við námskeiðahald og samræma námskeið.

8. gr.

Iðnaðarráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar, forstöðumann Fræðslumiðstöðvarinnar til 4ra ára í senn. Forstöðumaður annast daglega stjórn, samhæfingu verkefna og ber ábyrgð á fjárreiðum Fræðslumiðstöðvarinnar.

Ráðherra ræður að fengnum tillögum forstöðumanns annað starfslið Fræðslumiðstöðvarinnar. Við val starfsmanna skal reynt að tryggja að miðstöðin hafi jafnan á að skipa starfsmönnum með trausta reynslu úr iðnaði og staðgóða þekkingu á kennslufræði og námsgagnagerð.

9. gr.

Með reglugerð skal kveða nánar á um einstök verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar, hlutverk stjórnar og verkaskiptingu hennar og forstöðumanns, samstarf við samtök í iðnaði og aðra þætti í framkvæmd laganna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Almennt Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því að efla eftirmenntun í iðnaði með því að koma betra skipulagi á undirbúning hennar frá því sem verið hefur. Til grundvallar er m. a. lögð sú stefnumótun að samtök í iðnaði hafi með höndum framkvæmd fræðslunnar, eftir því sem aðstæður frekast leyfa, en ríkið veiti tiltekna aðstoð og þjónustu við undirbúning eftirmenntunarnámskeiða og standi fyrir nauðsynlegu þróunarstarfi á þessu sviði.

Með frumvarpinu er lagt til að þróunarstarf sem verið hefur í mótun s. l. þrjú ár með samstarfi ráðuneyta, tæknistofnana og samtaka í iðnaði verði örvað og því komið í fastara form. Lagt er til að svonefnd Fræðslumiðstöð iðnaðarins, sem verið hefur vettvangur þessa starfs, verði gerð að sérstakri starfseiningu í tengslum við tækni- og rannsóknastofnanir iðnaðarins og þá aðila sem halda eftirmenntunarnámskeið.

Meginverksvið Fræðslumiðstöðvarinnar yrði hvers konar þróunar- og undirbúningsstörf vegna eftirmenntunarnámskeiða. Þannig myndi Fræðslumiðstöðin m. a. aðstoða við greiningu á fræðsluþörfum í iðnaðinum, útbúa og gefa út viðeigandi námsefni og kennsluleiðbeiningar, þjálfa menn til leiðbeiningastarfa og samræma eftirmenntunarnámskeið.

Í frv. er gert ráð fyrir að stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar verði skipuð fimm fulltrúum frá samtökum vinnumarkaðarins, tæknistofnunum iðnaðarins og ráðuneytum. Forstöðumaður yrði ráðinn til 4ra ára í senn en auk hans þyrftu að starfa við miðstöðina 3—4 sérhæfðir starfsmenn.

Gert er ráð fyrir því að starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar verði að verulegum hluta fjármögnuð með fjárveitingum á fjárlögum á sama hátt og verið hefur um eftirmenntun í iðju og iðnaði.

Við framlagningu frumvarpsins hefur m. a. verið tekið mið af samþykkt Alþingis um iðnaðarstefnu frá 3. maí 1982 þar sem hvatt er til að „... aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu bæði á sviði verkunnáttu og stjórnunar ...“ Jafnframt er með frv. komið nokkuð til móts við óskir samtaka í iðnaði varðandi aukinn stuðning ríkisins við eftirmenntun fyrir starfsfólk í iðnaðinum.

Aðdragandi að starfsemi Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins

Á undanförunum þremur árum hefur verið unnið að því á vegum iðnaðarráðuneytisins í samstarfi við fjölmarga aðila að byggja upp undirstöður fyrir eftirmenntun í iðnaðinum og greinum sem honum eru tengdar.

Þetta starf hófst með skipun Eftirmenntunarnefndar á árinu 1979. Voru nefndinni m. a. falin eftirtalin verkefni:

- Að skilgreina þarfir starfsfólks í iðnaði fyrir menntun og þjálfun umfram þá fræðslu sem veitt er í verkfræðsluskólum og af aðilum utan skólakerfisins.
- Að hafa umsjón með þróunarstarfi og gerð kennslugagna fyrir hin ýmsu starfssvið og leggja á ráðin um námsinntak, tímaþörf og umfang einstakra námsþátta.
- Að gera tillögur um þjálfun leiðbeinenda í þessu skyni í samráði við viðkomandi starfsgreinasamtök.
- Að gera tillögur um verkaskiptingu milli þeirra aðila, sem nú veita eftirmenntun í iðnaði, þannig að komist verði hjá skörun, jafnframt því sem leitast verði við að skapa eðlileg tengsl við grunnám og annað framhaldsnám.

Nefndin skilaði í mars 1980 áfangaskýrslu um störf sín þar sem m. a. var gerð grein fyrir þeim leiðum sem nefndin taldi vænlegastar til að efla eftirmenntun í iðnaðinum og tilraunaverkefni sem nefndin beitti sér fyrir í þremur starfsgreinum: málmiðnaði, byggingar-iðnaði og verksmiðju-iðnaði. Að verkefninu var unnið í nánu samstarfi við samtök iðnaðarins í þessum greinum. Var fyrst og fremst stefnt að því að (1) fá yfirlit yfir fræðsluþarfirnar og (2) kanna hvaða námsefni ætti við í hverju tilviki og hvernig best yrði staðið að gerð þess. Starf nefndarinnar varð til þess að glæða áhuga fyrir eftirmenntun í iðnaðinum.

Eftirmenntunarnefnd hélt áfram störfum sínum á árinu 1980 og lauk störfum í maí 1981. Á þessu tímabili gekkst nefndin fyrir tilraunanámskeiðum sem lagður hafði verið grunnur að. Voru samtals haldin 7 námskeið á tímabilinu sept. 1980 til apríl 1981. En meginstarf

nefndarinnar fólst í því að leggja grundvöll að **þróunarverkefni um eftirmenntun** og skapa samstöðu um skipulag þess og framkvæmd hjá stofnunum og samtökum iðnaðarins.

Skýrsla nefndarinnar um þetta efni (Lýsing á hugmyndum um framkvæmd þróunarverkefnis varðandi eftirmenntun og starfsþjálfun í iðnaði) kom út í sept. 1980. Megininntak hennar fólst í tillögu um að: „... sett verði á laggirnar **vinnustöð** (Fræðslumiðstöð iðnaðarins) sem verði vettvangur undirbúnings- og skipulagsvinnu vegna eftirmenntunarnámskeiða.“ Lagði nefndin til að mynduð yrði sérstök verkefnisstjórn til að stýra þróunarstarfinu.

Iðnaðarráðuneytið ákvað að hrinda tillögum Eftirmenntunarnefndar í framkvæmd og skipaði hinn 14. maí 1981 Verkefnisstjórn um eftirmenntun til að koma Fræðslumiðstöðinni á laggirnar. Frá sama tíma var Eftirmenntunarnefnd leyst frá störfum. Jafnframt ákvað ráðuneytið að verja nokkru fé af aðlögunargjaldi ársins 1980 til að koma starfseminni af stað.

Fræðslumiðstöð iðnaðarins hóf starfsemi sína í október 1981 í húsakynnum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á Keldnaholti. Forstöðumaður var þá ráðinn og einnig starfsmaður til að vinna að frágangi námsgagna.

Fræðslumiðstöðin hefur gefið út upplýsingabæklinga þar sem er að finna yfirlit yfir þau námskeið sem undirbúin hafa verið og standa til boða.

Samstarf við fræðsluyfirvöld og skóla hefur verið mikill styrkur fyrir starfsemina. Áður en iðnaðarráðuneytið tók ákvörðun um að koma Fræðslumiðstöðinni á laggirnar voru teknar upp viðræður við menntamálaráðuneytið og menntamálaráðherra kynnt málið. Tilnefndi menntamálaráðuneytið einn mann af fimm í verkefnisstjórnina.

Kostnaðaráhrif

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri kostnað af þróunarstarfi og undirbúningi eftirmenntunarnámskeiða sem unnið yrði að hjá Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Á móti kæmu nokkrar sértekjur af námsgögnum, þátttökugjöldum og þjónustu.

Frá árinu 1975 hefur nokkru fjármagni verið varið á fjárlögum „Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði“ (sbr. fjárlagalið með þessu heiti). Gera verður ráð fyrir að ráðstafanir þær sem felast í frumvarpinu hafi í för með sér talsverða hækkun á þessum útgjaldalið.

Fram til ársins 1980 var því takmarkaða fjármagni sem veitt var í þessu skyni eingöngu varið til að styrkja samtök sem stóðu fyrir eftirmenntunarnámskeiðum. Síðan hefur fjárveiting þessi verið notuð til að standa straum af kostnaði við undirbúning námskeiða sem Eftirmenntunarnefnd og síðar Fræðslumiðstöð iðnaðarins hafa unnið að í samstarfi við samtök í iðnaði.

Á fjárlögum fyrir árið 1983 voru veittar kr. 1.3 milljónir til eftirmenntun í iðnaði. Þessi upphæð er mun lægri en iðnaðarráðuneytið hafði gert tillögu um á grundvelli áætlunar sem gerð var af Verkefnisstjórn um eftirmenntun. Við gerð þeirrar áætlunar var tekið mið af beiðnum, sem borist höfðu Fræðslumiðstöðinni frá samtökum í iðnaði, um aðstoð við undirbúning námskeiða.

Á grundvelli þeirrar jákvæðu reynslu sem fengist hefur af starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar virðist nauðsynlegt að gera í fyrstu ráð fyrir 3—4ra manna föstu starfsliði við miðstöðina. Þörfum fyrir viðbótarstarfslið virðist skynsamlegt að mæta með aðkeyptri vinnu eða tímabundnum ráðningum. Undir öllum kringumstæðum þarf að tryggja að fjárveitingar til starfseminnar nægi til að unnt sé að veita þá lágmarksþjónustu sem frumvarpið kveður á um og iðnaðurinn þarf á að halda.

Reynslan sýnir að þarfir iðnaðarins fyrir eftirmenntun og starfsþjálfun eru talsvert breytilegar frá einum tíma til annars og því er nokkrum erfiðleikum bundið að áætla vinnuáætlun og fjárþörf vegna undirbúnings námskeiða.

Hugsanlegt er að sjóðir iðnaðarins kunnir í vissum tilvikum að geta veitt stuðning til afmarkaðra verkefna sem Fræðslumiðstöðinni yrði falið að vinna að. Einkum gæti það átt við um fræðslu sem tengdist iðnþróunarverkefnum sem styrkt væru af sjóðunum.

Eins og fram kemur annars staðar í greinargerðinni tekur frv. þetta ekki til þátta sem snerta rekstur eftirmenntunarnámskeiða. Hinsvegar er gert ráð fyrir því að tilraunanámskeið (þar sem námsefni og námsgögn yrðu prófuð) verði í umsjá Fræðslumiðstöðvarinnar eins og verið hefur og að litið verði á kostnað við þau sem hluta af undirbúningskostnaði við námskeiðin.

Frumvarpið byggir á þeirri forsendu að eftirmenntun í iðnaði sé þáttur í fullorðinsfræðslu og svipaðar reglur muni gilda um hugsanlegan stuðning ríkisins við rekstur námskeiða í iðnaði og um fullorðinsfræðslu almennt þegar sett yrðu lög um það efni.

Samstarf við aðila í iðnaði og fræðslukerfi

Mjög góð samvinna hefur tekist við ýmis samtök í iðnaðinum um verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar. Hafa samtökin látið í ljós ánægju með starfseminu og jafnframt hvatt til þess að hún verði eflað til muna, m. a. með auknum fjárveitingum.

Iðnfræðsluskólar og aðrir verkmenntaskólar hafa sýnt starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar mikinn áhuga. Hafa skólar, sem til hefur verið leitað, léð aðstöðu til námskeiðahalds og einnig hafa skólarnir sóst eftir því námsefni sem unnið hefur verið á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar. Telja verður það eðlilegan gang mála að námsefni sem mótað er og notað við eftirmenntun verði hagnýtt eins og frekast er kostur í öllum verkmennta- og tækniskólum í landinu.

Stefna þarf að sem virkasti þátttöku samtaka og starfshópa í iðnaði í framkvæmd eftirmenntunar. Þetta á jafnt við um stefnumörkun til lengri tíma og val og undirbúning einstakra námskeiða, inntak þeirra og framkvæmd.

Í mörgum tilvikum munu óskir um aðstoð við fræðslustarf koma frá félögum eða samtökum sem eiga aðild að einhverjum heildarsamtökum, t. d. sérgreinasamböndum innan Alþýðusambands Íslands. Sama getur átt við um beiðnir sem berast frá einstökum fyrirtækjum, skólum eða stofnunum. Eðlilegt er að þá kanni Fræðslumiðstöðin viðhorf til verkefnisins hjá þeim heildarsamtökum eða aðilum sem standa að baki verkbeiðanda. Þetta er ekki síst nauðsynlegt m. t. t. samræmingar á skyldum verkefnum og í ljósi þess að verkaskipting milli iðngreina er víða óljós og viðhorf oft nokkuð mismunandi á því hvaða iðngrein tiltekinn verkþáttur eða nýjung tilheyrir.

Til þess að framangreind umfjöllun verði ekki of þung í vöfum væri æskilegt að Fræðslumiðstöðin gæti snúið sér til eins aðila, t. d. fræðslunefnda sérgreinasambanda, til að ræða um verkefni og skapa um þau nauðsynlega samstöðu. Fræðslumiðstöðin þarf jafnframt að leitast við að örva frumkvæði samtaka og starfshópa að eftirmenntun. Eðlilegur vettvangur í þessu sambandi eru tengsl við vinnustaði, fundir með fræðslunefndum samtaka og þátttaka starfsmanna Fræðslumiðstöðvarinnar í fundum og ráðstefnum þar sem fræðslumál eru á dagskrá.

Þá þarf Fræðslumiðstöðin einnig að veita eftir föngum faglega aðstoð við eftirmenntun sem samtök og ýmsir aðilar hefðu frumkvæði að og kostuðu.

Hlutverk og starfshættir Fræðslumiðstöðvarinnar

Eftirmenntun hefur fengið góðan byr í umræðu um iðnþróun en í reynd hefur ekki tekist að efla hana sem skyldi. Fræðslumiðstöðinni er ætlað það meginverkefni að vinna að þróun og undirbúningi eftirmenntunar í iðnaði. Orðið „miðstöð“ lýsir nokkuð vel því sem að er stefnt, þ. e. að skapa vettvang fyrir þetta starf.

Gert er ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin starfi í tengslum við rannsókn- og þjónustustofnanir iðnaðarins og þá einkum Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Báðar þessar stofnanir hafa miklu og vaxandi fræðsluhlutverki að gegna. Sú sérhæfða þjónusta sem Fræðslumiðstöðinni er ætlað að veita mun auðvelda þessum stofnunum að mæta auknum kröfum um og þörfum fyrir fræðslu og koma þannig á framfæri með virkari hætti en áður þekkingu og árangri af rannsóknum og tækniþjónustu.

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan hefur þegar fengist jákvæð reynsla að starfi Fræðslumiðstöðvarinnar. Þannig er með frumvarpi þessu í reynd verið að koma fastari skipan á starfsemi sem verið hefur í mótun á síðustu tveimur árum. Gera verður ráð fyrir að starfsemin þróist og taki breytingum í samræmi við hraðfara tækniþróun og síbreytilegar þarfir í iðnaðinum.

Eigi starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar að bera tilætlaðan árangur verður hún að vera í sterkum tengslum við iðnaðinn sem henni er ætlað að þjóna. Miðstöðin má undir engum kringumstæðum verða „stofnun“ í þeirri merkingu að á verkefni hennar verði litið sem óbreytanleg frá einum tíma til annars. Starfsemin verður þvert á móti að miðast við mikinn sveigjanleika og miðstöðin að geta brugðið skjótt við þegar nýjar þarfir í iðnaði kalla á aðgerðir í fræðslumálum.

Gert er ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin stuðli að viðtæku samstarfi þeirra aðila sem vinna að eftirmenntun í iðnaði. Hér er um mjög þýðingarmikið en um leið vandasamt verkefni að ræða. Enginn einn aðili á vegum stjórnvalda hefur haft með höndum samræmingu á eftirmenntun í iðnaði og því hefur þróunin orðið sú að „hver hefur reynt að bjarga sér“. Fræðslumiðstöðinni er að sjálfsögðu ekki ætlað að grípa inn í störf stofnana og aðila sem fást við eftirmenntun heldur er til þess ætlast að hún setji sig í samband við þessa aðila og kanni hug þeirra og möguleika til samstarfs um tiltekin námskeið eða þætti sem tengjast undirbúningi þeirra.

Enda þótt starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar verði í fyrstu afmörkuð við undirbúning vegna námskeiða, getur í vissum tilvikum verið hagkvæmt að fela Fræðslumiðstöðinni að hafa umsjón með eða annast að öllu leyti rekstur námskeiða sem styrkt eru af ríkinu. Því þykir eðlilegt að hafa í frumvarpinu heimild um þetta atriði.

Eftirmenntun í ljósi tækniþróunar

Í iðnríkjunum hefur á síðustu árum verið mikið ritað og rætt um hvernig stuðla megi að því að verkmenntun hverju nafni sem nefnist haldist sem best í hendur við tækniþróunina. Þar hefur tækniþróunin leitt til endurmats á fyrri viðhorfum til verkmenntunar. Ekki er lengur gert ráð fyrir því að fólk geti lært til starfa í eitt skipti fyrir öll eins og áður var talið gerlegt. Þekkingarforði og leikni sem menn tileinkuðu sér í námi og starfi fyrir t. d. einum áratug hefur ekki sama notagildi og fyrr: (1) Ný efni eru stöðugt að koma til sögunnar í iðnaði, (2) vélar og verkfæri breytast og nýr tækjabúnaður krefst annars konar þekkingar, (3) vinnutilhögun breytist með breyttri tækni og framleiðsluáferðum, svo dæmi séu nefnd.

Af framangreindum ástæðum hefur hvarvetna reynst æ örðugra að adhæfa frumfræðsluna þeirri öru þróun sem er að gerast á öllum sviðum iðnaðar og í atvinnulífi yfirleitt. En einnig í eftirmenntun hefur tækniþróunin knúið menn til að endurskoða fyrri starfshætti og halda inn á nýjar brautir. Talað er um að vinna og nám verði að haldast í hendur gegnum alla starfsævi einstaklingsins. Tilboð um margskonar fræðslu fyrir fólk sem komið er til starfa er viðleitni í þá átt að auðvelda starfsmönnum iðnfyrirtækjanna að endurnýja þekkingarforðann og fá þjálfun í nýjum vinnubrögðum. Þessi fræðsla er oft í formi stuttra námskeiða þar sem tiltölulega afmarkað efni er tekið fyrir í einu og reynt að tengja efnið og starfsþjálfunina sem best störfum í viðkomandi grein. Á allra síðustu árum, einkum eftir að örtölvuvæðing hófst fyrir alvöru í iðnaðinum, hefur verið talið nauðsynlegt að auka til muna fjölbreytni í

framboði eftirmenntunarnámskeiða, þ. e. bjóða upp á námskeið sem ná til mun fleiri sviða en áður var talið nauðsynlegt. Jafnframt er lögð áhersla á að við mótun á inntaki hvers námskeiðs þurfi í ríkara mæli en gert hefur verið að horfa lengra til framtíðarinnar jafnvel þótt iðnaðurinn og atvinnulífið kalli ekki í svipinn á þekkingu á viðkomandi sviði.

Vegna framangreindra breytinga á inntaki og umfangi eftirmenntunar er, t. d. í öðrum aðildarríkjum OECD, gert ráð fyrir að auka þurfi verulega fjármagn til eftirmenntunar. Auk tillagna um að námskeiðin nái til fleiri sviða eru uppi kröfur um aukin gæði námsins sem að vissu marki mun þýða lengri og um leið kostnaðarsamari námskeið.

Þörfin fyrir eftirmenntun í iðnaðinum

Þörfin fyrir eftirmenntun í iðnaði hefur lengi verið til staðar hér á landi. Þessi þörf hefur þó orðið æ ljósari eftir að hér hófst sú aðlögun iðnaðarins sem leiddi af inngöngu Íslands í EFTA. Í kjölfar aðildarinnar var mikið rætt um nauðsyn „strúktúrbreytinga“ í iðnaðinum, einkum þó í framleiðslugreinum. Úttektir voru gerðar á stöðu ýmissa iðngreina og settar fram tillögur um aðgerðir til úrbóta. Í nær öllum tilvikum var lögð áhersla á að stórauka þyrfti fræðslu og starfsþjálfun fyrir starfsfólk fyrirtækjanna. Átti það jafnt við um stjórnunar- og framleiðslustörf.

Um samræmdar aðgerðir í eftirmenntun hefur ekki verið að ræða á undanförunum árum sem best má marka af því að enginn einn aðili á vegum iðnaðarins eða ríkisins hefur haft með höndum þróunarstörf varðandi undirbúning og skipulagningu eftirmenntunar og starfsþjálfunar.

Þau samtök í iðnaði sem á undanförunum árum hafa að eigin frumkvæði reynt að koma á eftirmenntunarnámskeiðum hafa flest gefist upp eftir skamman tíma. Undantekningar í þessu efni eru þó til. Má sem dæmi nefna rafíðnaðinn sem um árabíl hefur staðið fyrir eftirmenntunarnámskeiðum og með því móti bætt úr brýnustu þörfunum á því sviði. Í flestum greinum framleiðsluiðnaðarins þar sem þarfirnar hafa verið hvað mestar, m. a. vegna breyttra framleiðsluaðferða, aukinnar vélvæðingar og hagræðingar, hefur sáralítið miðað í þá átt að skapa skilyrði fyrir eftirmenntun og starfsþjálfun. Í þessum greinum hefur allur þorri starfandi fólks ýmist enga eða mjög stutta starfsmenntun (framhaldsnám) að baki. Fræðsla og starfsþjálfun í sem bestum tengslum við störfin getur því gjörbreytt stöðu þessa fólks á vinnumarkaðinum og um leið verið mikil lyftistöng fyrir þær iðngreinar sem nú eiga í harðastri samkeppni við innfluttan iðnvarning.

Starfsþjálfun er gildur þáttur í eftirmenntun og yfirleitt æskilegt að tengja hana (fræðilegri) umfjöllun um viðkomandi starf eða svið. Um þetta efni er m. a. fjallað í Áliti samstarfsnefndar um iðnþróun, skýrslu sem út kom í maí 1979. Þar segir:

„Starfsþjálfun vinnuafls í iðnaði er sennilega einn mikilvægasti liðurinn í iðnaðarframförum víða um lönd á síðari árum. Varðar þetta raunar endurmenntun og símenntun starfslíðs á öllum stigum rekstrar, þ. e. framleiðslu og stjórnunar. Er þetta bæði hluti af viðleitni til að auka framleiðni, en jafnframt til að gefa starfsfólki meiri lífsfyllingu, sem fylgir meiri innsýn í starfið og betri tókum á þeim verkum sem það þarf að skila“.

Helstu áherslur varðandi námskeiðahaldið

Eftirmenntunarnámskeiðin munu að langstærstum hluta verða fyrir almennt starfsfólk í iðnaði og skyldum greinum, þ. e. iðnlært og óiðnlært fólk og aðra starfshópa sem ekki eiga vól á námskeiðum við sitt hæfi hjá fræðslustofnunum eða aðilum innan eða utan fræðslukerfisins.

Námskeiðin munu verða mjög fjölbreytileg að því er varðar viðfangsefni, tímalengd og tilhögun alla. Áherslu þarf einkum að leggja á umfjöllun um nýjungar í verkætækni og

meðferð efna á viðkomandi sviði, þætti sem snerta vöruvöndun og vinnugæði, leiðsögn og þjálfun í vinnuáðferðum og stjórnun, þjálfun í meðferð véla og tækja eða sambland af öllum þessum þáttum.

Við móttun eftirmenntunarnámskeiða þarf sérstaklega að gæta þess að fræðslan taki mið af þeirri þróun sem vænta má í viðkomandi iðngrein eða starfi á næstu árum. Um leið þarf að tryggja að fræðslan sé sem best tengd viðfangsefnum vinnustaðanna á hverjum tíma.

Ekki er gert ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin undirbúi námskeið um stjórnunarmálefni eða rekstrartækni fyrir stjórnendur fyrirtækja. Samstarf, t. d. um þekkingaröflun vegna námsefnisgerðar, við aðila sem sjá um undirbúning og framkvæmd slíkrar fræðslu er hinsvegar nauðsynlegt því fræðsla um stjórnun og rekstrarmálefni þarf að tengjast með eðlilegum hætti fræðslu og starfsþjálfun fyrir fólk í framleiðslu- og þjónustustörfum í iðnaðinum. Hér má nefna samstarf við aðila eins og Stjórnunarfélag Íslands sem nýtur nokkurs stuðnings ríkisins til að sinna fræðslustarfi um stjórnunarmálefni.

Varðandi áherslu á fræðslu um ýmsa þætti stjórnunar fyrir almennt starfsfólk í iðnaði þarf að hafa í huga að vegna tækniþróunar er stöðugt að breytast verkaskipting milli greina og starfshópa innan þeirra. Fræðsla sem áður var talið að ætti eingöngu erindi til fólks í beinum stjórnunarstörfum (framkvæmdastjórar, tæknimenn, verkstjórar o. fl.) getur fyrr en varir verið orðin ómissandi fyrir fólk í beinum framleiðslu- og þjónustustörfum. Dæmi hér um er þörfin fyrir almenna fræðslu um notkun og möguleika tölvu og ýmiss konar sjálfvirkniþúnað sem er að ryðja sér til rúms í iðnaðinum.

Möguleikar starfsfólks til að sækja námskeið

Þar sem frv. tekur fyrst og fremst til undirbúningsþátta vegna eftirmenntunar eru ekki í því nein ákvæði um ráðstafanir til að auðvelda starfsfólki í iðnaðinum að notfæra sér þá fræðslu og starfsþjálfun sem í boði er. Það gefur auga leið að verkefni þau sem Fræðslumiðstöðinni er skv. frumvarpinu ætlað að vinna að koma því aðeins að tilætluðum notum að jafnhliða séu starfsfólki sköpuð eðlileg skilyrði til að afla sér aukinnar þekkingar. Í þessu sambandi vegur þungt hvort fólk hefur t. d. möguleika á að taka sér frí frá störfum til að sækja námskeið og hvort það missir með öllu laun meðan á námskeiði stendur.

Á öðrum Norðurlöndum þar sem eftirmenntunarnámskeið í tengslum við atvinnuvegi eiga sér langa hefð að baki (t. d. Specialarbejderuddannelsen í Danmörku eða Arbetsmarknadsutbildningen í Svíþjóð) njóta þátttakendur yfirleitt verulegs fjárhagslegs stuðnings. Þessi stuðningur er með mismunandi hætti eftir löndum, ýmist frá opinberum aðilum, atvinnuvegasamtökum eða sérstökum sjóðum.

Hér á landi hefur miðað hægt við að undirbúa jarðveginn fyrir eftirmenntun að þessu leyti. Í verksmiðjuíðnaði þar sem þörfin er hvað brýnust fyrir fræðslu og starfsþjálfun hefur fólk yfirleitt ekki ráð á að taka sér launalaust leyfi frá störfum þótt slíkt væri í boði. Hvati til að afla sér menntunar er líka sjaldnast fyrir hendi því engar formlegar kröfur eru gerðar um starfsmenntun. Námskeið eða annars konar viðbótarmenntun veitir fólki í verksmiðjuíðnaði heldur engin formleg starfsréttindi eða rétt til hærri launa.

Ekki er eins ástætt um allar starfsgreinar í þessu efni. Í löggildum iðngreinum er menntun viðurkenndur þáttur í sambandi við launaákvæðanir og tillit hefur verið tekið til þátttöku í námskeiðum við skipan fólks í launaflokka. Ýmsir starfshópar í þjónustu ríkisstofnana, með langskólanám að baki, hafa vissa möguleika á að sækja lengri eða skemmri námskeið án þess að missa laun á meðan.

Á síðustu árum hafa ýmis samtök komið á vísu að starfsmenntasjóðum sem gegna því hlutverki að veita styrki til þeirra sem vilja auka starfsmenntun sína. Dæmi hér um eru samtök opinberra starfsmanna. Þá hafa einstakar starfsstéttir, t. d. rafiðnaðarmenn, farið þá leið að reikna álag á útselda vinnu til að standa undir kostnaði við eftirmenntun.

Einu lagaákvæði um hugsanlegan stuðning við þátttakendur á eftirmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiðum eru í lögum um atvinnuleysistryggingar (nr. 57/1973) þar sem stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum á „viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum“ tiltekinn styrk vegna þátttöku í námskeiðum, ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum. Þessi lagaheimild mun lítið hafa verið notuð.

Þjálfun leiðbeinenda og kennara

Gert er ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin hafi milligöngu um að útvega og þjálfa leiðbeinendur og kennara vegna eftirmenntunarnámskeiða. Í því sambandi þarf að leggja sérstaka áherslu á að fá leiðbeinendur með mikla reynslu og þekkingu úr iðnaðinum. En einnig yrði leitað til starfsmanna á tækni- og þjónustustofnunum iðnaðarins, kennara við verkmennta- og tækniskóla og annarra aðila með þekkingu á viðkomandi sviði.

Á námskeiðum sem haldin yrðu í þessu skyni yrði sérstaklega fjallað um kennslutækni og efnistöð með tilliti til sérstöðu væntanlegra þátttakenda á eftirmenntunarnámskeiðum. Í því sambandi þarf að hafa í huga að starfsfólk í iðnaði hefur sjaldnast fengið sömu þjálfun í námstækni (því að læra) og langskólagengið fólk. Í stað mikilla „fræðilegra“ útlistana þarf því að leitast við að tengja námið sem best praktískum viðfangsefnum og reynslu sem þátttakendur færa með sér frá vinnustöðum í viðkomandi starfsgreinum.

Á leiðbeinendanámskeiðunum þarf að taka tillit til þess að þeir sem þau sækja munu sjaldnast hafa kennslureynslu að baki. Í mörgum tilvikum væri æskilegt að velja leiðbeinendur úr hópi þeirra sem fengist hafa við stjórnunarstörf á vinnustað, t. d. verkstjóra eða framleiðslustjóra. Markmið námskeiðanna yrði því ekki að gera menn að kennurum, í venjulegri merkingu þess orðs, heldur að veita viðkomandi tilsögn í nokkrum grundvallaratriðum þess að „segja öðrum til“, leggja á ráðin um hvaða hjálpargögn (s. s. myndefni) sé æskilegt að nota og hvernig meðhöndla skuli kennslutæki á borð við myndvarpa, skyggnuvél o. þ. h.

Námskeið sem miðast við þessar forsendur og markmið standa yfirleitt ekki til boða á vegum aðila í fræðslukerfinu og því er nauðsynlegt að Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um að koma þeim á laggirnar.

Námsefnisgerð

Gert er ráð fyrir því að umfangsmesti þátturinn í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar verði að sjá um öflun þekkingar og samantekt á námsefni vegna kennslu og starfsþjálfunar. Bæði þarf að útbúa og gefa út í aðgengilegu formi námsefni og vinnugögn fyrir þátttakendur og kennsluleiðbeiningar og ýmiss konar hjálpargögn fyrir leiðbeinendur á námskeiðunum.

Vinnsla og útgáfa námsefnis er sérhæft og oft tímafrekt viðfangsefni. Þessum þætti í undirbúningi eftirmenntunarnámskeiða hefur til þessa verið alltof lítil gaumur gefinn. Sama máli gegnir um þá forvinnu sem námsefnisgerðin hvílir á: þ. e. greiningu á inntaki og efnisþáttum hvers námskeiðs.

Til þess að námskeiðin verði hagnýt og markviss og komi að sem bestum notum fyrir þátttakendur er mikilvægt að skilgreina vel strax á fyrsta stigi undirbúningsins til hvaða verksviða eða starfshópa hvert einstakt námskeið á að skírskota og hvaða þekkingu þarf að koma til skila (markmiðslýsing). Þetta er undirstöðupáttur í undirbúningi allrar eftirmenntunar og því gert ráð fyrir að Fræðslumiðstöðin verði aðilum sem óska eftir fræðslu innan handar við að greina fræðsluþarfirnar.

Viðhorf til undirbúnings af þessu tagi hafa sem kunnugt er breyst á síðustu árum og á það jafnt við um frumfræðslu og eftirmenntun. Reynt er eftir fremsta megni að komast hjá því að tilviljanir ráði því hvernig til tekst með fræðslu á stuttum námskeiðum. Ítarleg

umfjöllun, áður en námskeið hefst, um það hvað og hvernig skuli kennt, hvaða námsefni eigi við, o. fl. er viðleitni í þá átt að bæta gæði fræðslunnar.

Við efnis- og þekkingaröflun vegna námsefnisgerðar þarf að leita víða fanga og hagnýta sem best kunnáttu og reynslu frá vinnustöðum og þekkingu á rannsókn- og tæknistofnunum. Í sumum tilvikum mun þurfa að sækja þekkingu og efni erlendis frá og koma þá að góðum notum þau tengsl sem komist hafa á milli tæknistofnana hér og á öðrum Norðurlöndum.

Vegna skorts á sérmenntuðu starfslíði og nauðsynlegri stýringu og verkstjórn hefur hingað til ekki, nema að mjög takmörkuðu leyti, verið unnt að hagnýta tilboð tæknistofnana á öðrum Norðurlöndum varðandi útvegum kennsluefnis og námsgagna sem þar eru notuð á eftirmenntunarnámskeiðum. Þessi gögn mun sjaldnast hægt að þýða og nota hér óbreytt heldur þarf að vinna úr þeim og aðlaga þau þörfum starfsfólks í iðnaði hérlendis.

Í mörgum tilvikum yrði frumvinna við samantekt námsefnis falin aðilum utan Fræðslumiðstöðvarinnar samkv. fyrirfram gerðum verksamningum. Það kæmi síðan í hlut miðstöðvarinnar að ganga frá námsefninu, fyrst í takmörkuðu upplagi til prófunar á tilraunanámskeiðum og síðan til útgáfu í stærra upplagi.

Leggja þarf eftir föngum áherslu á að koma lesefni til skila á góðu en um leið auðskiljanlegu máli. Samstarf tæknimanna og málfræðinga er æskilegt við mótun nýyrða og málvöndun. Námsefnisgerð um tæknileg efni á með þessu móti að geta stuðlað að því að auðga íslenskt mál, bæjja frá lélegum erlendum tökuorðum og slettum en festa þess í stað í sessi góð nýyrði og hugtök. Það gefur auga leið að hér er um að ræða „undirmarkmið“ í námsefnisgerð og bæði vegna tíma og kostnaðar mun þurfa að rata meðalhóf í þessu efni.

Tilraunanámskeið

Talið er nauðsynlegt að Fræðslumiðstöðin sleppi ekki hendi af undirbúningi hvers námskeiðs fyrr en námsefnið hefur verið prófað á tilraunanámskeiði. Þessi námskeið færur þannig fram að drög að námsefninu yrðu látin þátttakendum í té í upphafi námskeiðs og síðan leitað eftir ábendingum þeirra um hugsanlegar breytingar meðan á kennslunni stendur. Jafnframt gæfist leiðbeinendum kostur á að kynna námsefninu og gera tillögur um breytingar á því, kennsluleiðbeiningum og hjálpargögnum.

Með því að fá ábendingar og gagnrýni frá fólki úr röðum þeirra sem síðar eiga að njóta fræðslunnar og þeim sem ætlað er að miðla henni, fæst nokkur trygging fyrir því að námsefnið skiljist og höfði til viðkomandi starfshóps eða iðngreinar.

Að loknum tilraunanámskeiðum yrði námsefnið endurskoðað með hliðsjón af framkomnum ábendingum og síðan gefið út í hæfilegu upplagi.

Tilraunanámskeiðin munu að sjálfsögðu þjóna hagnýtum tilgangi fyrir þátttakendur og því er gert ráð fyrir því að þeir greiði tiltekin þátttökugjöld. Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir því að gjöldin standi undir nema litlum hluta kostnaðar við þessi námskeið. Því verður að taka tillit til þessa kostnaðar í áætlunum um verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar og líta á hann sem eðlilegan hluta af þróunarkostnaði við hvert einstakt námskeið.

Samræming eftirmenntunar

Með því að sameina í einni miðstöð undirbúningsstörf vegna eftirmenntunarnámskeiða opnast möguleikar á margskonar hagræðingu og sparnaði miðað við þann kost að þessi verkefni séu dreifð á hendur margra aðila. Sú stutta reynsla sem fengist hefur af starfsemi Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins staðfestir þetta:

(1) Í samstarfi við aðila í iðnaði og fræðslukerfi á að vera unnt að safna á einn stað upplýsingum um hvar skórin kreppir varðandi fræðslu og starfsþjálfun. (2) Miðstöðin á þegar fram í sækir að geta veitt upplýsingar um hvar tiltekna fræðslu sé að fá, þ. e. hvaða

aðilar standi fyrir eftirmenntunarnámskeiðum, hvert sé efni námskeiðanna, hvort um sé að ræða sérstök inntökuskilyrði, o. fl. (3) Í vissum tilvikum mun sama námsefni geta hentað fólki úr starfsgreinum sem í fljótu bragði virðast ólíkar. (4) Unnt á að vera að koma í veg fyrir tvíverknað við samningu námsefnis og úrvinnslu og þýðingar á erlendu námsefni. (5) Möguleikar eru á að samnýta tækjabúnað og aðstöðu við vinnslu námsgagna (Dæmi: Sameiginlegt ritvinnslukerfi tæknistofnana og Fræðslumiðstöðvar). — Mörg fleiri atriði mætti nefna í þessu sambandi.

Þegar á heildina er litið má leiða að því mörg rök að sameiginleg miðstöð fyrir undirbúning eftirmenntunar í iðnaði sé ekki aðeins hagsmunamál iðnaðarins og þess fólks sem við hann starfar heldur geti þessi starfsemi, ef vel er á málum haldið, orðið lyftistöng fyrir skólastarf í landinu og almenna verkmennt þjóðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er eftirmenntun í iðnaði skilgreind sem þáttur í fullorðinsfræðslu en gert ráð fyrir að síðar verði sett heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem lög þessi falli að.

Skilgreind eru almenn markmið eftirmenntunar í iðnaði. Telja verður eðlilegt að túlka hugtakið „iðnaður“ rúmt þegar tekin er afstaða til beiðna um aðstoð við undirbúning eftirmenntunar samkvæmt frumvarpinu. Eftirmenntunarnámskeiðin munu einkum verða fyrir almennt starfsfólk í iðnaði og skyldum greinum, þ. e. iðnlært og óiðnlært fólk og aðra starfshópa sem ekki eiga vól á námskeiðum við sitt hæfi hjá fræðslustofnunum innan eða utan fræðslukerfisins.

Í greininni er lagt til að settar verði í reglugerð nánari leiðbeiningar um hvernig unnið skuli að undirbúningi námskeiða frá því ósk um fræðslu kemur fram og þar til efni og skipulag námskeiðs er fullmótað.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um að starfrækja skuli sérstaka miðstöð, Fræðslumiðstöð iðnaðarins, sem hafi það meginverkefni að vinna að þróun og undirbúningi eftirmenntunar í iðnaði. Gert er ráð fyrir því að miðstöðin starfi í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Í reglugerð yrði kveðið á um hvernig tengslum og samstarfi Fræðslumiðstöðvarinnar við þessar stofnanir yrði háttað.

Þá er í greininni ákvæði um að Fræðslumiðstöðin skuli stuðla að samstarfi milli stofnana, starfsgreina, skóla og fleiri aðila í þeim tilgangi að efla og samræma eftirmenntun í iðnaði.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um þau verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar sem rétt þykir að binda í lögum. Með afmörkun málslíða 1—5 er lögð áhersla á að undirbúningur námskeiða sé röð verkþátta (ferli) þar sem hver er öðrum háður og árangur starfsins sé undir því kominn að engin hlekkur bresti.

Um 1. tl.: Leggja þarf áherslu á að skilgreina vel strax á fyrsta stigi undirbúnings hvaða þekkingu þarf að koma til skila (markmiðslýsing) og til hvaða verksviða eða starfshópa hvert einstakt námskeið á að skírskota.

Um 2. tl.: Við þekkingaröflun og útvegum námsefnis þarf að hagnýta sem best kunnáttu og reynslu frá vinnustöðum og þekkingu á rannsókn- og tæknistofnunum. Einnig þarf að hagnýta tengsl við erlendar tæknistofnanir. Gera verður ráð fyrir því að námsefnisgerð verði einn umfangsmesti þátturinn í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar.

Um 3. tl.: Leiðbeinendanámskeið af því tagi sem hér er gert ráð fyrir standa ekki til boða í fræðslukerfinu og því er nauðsynlegt að Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um að koma þeim á laggirnar. Leggja þarf sérstaka áherslu á að fá leiðbeinendur með mikla reynslu og þekkingu úr iðnaðinum. Einnig yrði leitað til starfsmanna á tækni- og þjónustustofnunum iðnaðarins og kennara við verkmennta- og tækniskóla.

Um 4. tl.: Tilraunanámskeið skv. greininni eru einskonar gæðaprófun á námsgögnum og kennsluaðferðum áður en námskeið eru fullmótað og námsefni er gefið út.

Um 5. tl.: Hér er kveðið á um að Fræðslumiðstöðin skuli veita upplýsingar og annast kynningarstarf varðandi eftirmenntunarnámskeið. Liður í slíku kynningarstarfi væri útgáfa á bæklingum um námskeið sem standa til boða fyrir starfsfólk í iðnaði.

Um 6. tl.: Sú yfirsýn sem Fræðslumiðstöðin mun fá yfir fræðsluþarfir í iðnaðinum á að auðvelda samræmingu á beiðnum hinna ýmsu aðila þannig að komist verði hjá tvíverknaði og skörun verkefna. Í vissum tilvikum getur t. d. sama fræðsluefni hentað fólki í ólíkum starfsgreinum. Einnig á Fræðslumiðstöðin að geta aflað upplýsinga um hvort aðrir aðilar hafi á boðstólum viðeigandi fræðsluefni.

Um 4. gr.

Lagt er til að áhersla verði lögð á víðtækt samráð við hagsmunasamtök í iðnaði við val á verkefnum og undirbúning námskeiða. Einnig er lögð áhersla á að Fræðslumiðstöðin geti með ráðgjöf og aðstoð örvað frumkvæði starfsfólks og samtaka að fræðslumálum.

Um 5. gr.

Greinin felur í sér heimild til að fela Fræðslumiðstöðinni önnur verkefni en þau sem greinir í 3. gr. frumvarpsins. Hagkvæmt getur verið bæði fyrir iðnaðinn og stjórnvöld að Fræðslumiðstöðin taki að sér að hafa umsjón með eða annast að öllu leyti rekstur tiltekinn námskeiða sem t. d. tæknistofnanir iðnaðarins eða samtök í iðnaði teldu utan síns verkahringis að sjá um.

Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að taka til námskeiða sem rekin eru með fjárstuðningi ríkisins eða opinberra sjóða. Þó má gera ráð fyrir að óskir kæmu fram frá samtökum í iðnaði um aðstoð við rekstur námskeiða og er þá skv. ákvæðinu heimilt að veita slíka aðstoð.

Um 6. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um fjármögnun á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar.

Um 1. tl.: Gera verður ráð fyrir að fjármagna þurfi starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar að stærstum hluta með fjárveitingu á fjárlögum.

Um 2. tl.: Hér er einkum átt við tekjur af sölu námsgagna og þátttökugjöldum.

Um 3. tl.: Til greina kemur að Fræðslumiðstöðin leiti eftir stuðningi hjá sjóðum iðnaðarins til afmarkaðra þróunarverkefna.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar verði skipuð fimm mönnum. Gert er ráð fyrir því að stjórnir tæknistofnananna komi sér saman um tilnefningu fulltrúa stofnananna. Þá er gert ráð fyrir að samtök vinnumarkaðarins tilnefni sína fulltrúa í samráði við hlutaðeigandi aðildarsamtök í iðnaðinum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.